

**Nd.**

### **118. Frumvarp til laga**

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1939 og 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Með bréfi til Alþingis, dags. 1. marz 1938, hefir h/f Eimskipafélag Íslands farið þess á leit, að lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu félagsins, verði framlengd fyrir árin 1939 og 1940. Árið 1936 voru lög þessi framlengd til ársloka 1938. Samkvæmt ákvæðum laganna er Eimskipafélagið undanþegið greiðslu tekju- og eignar-skatts, svo og útsvars, að öðru en því, að því ber að greiða í bæjarsjóð Reykjavíkur 5% af nettóágóða. Framangreindar ívilnanir eru bundnar þeim skilyrðum, að félagið greiði ekki yfir 4% í arð af hlutafénu og að það veiti 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum félagsins, eftir úthlutun Menntamálaráðs Íslands.

Með flutningi þessa frv. hefir fjárhagsnefnd tekið framangreinda ósk félagsins til greina.